

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. maí 2025 í máli nr. 128/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen prófessor.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 27. september 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur varnaraðila hafa krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu sína og krefst þess að honum verði gert að endurgreiða sóknaraðila alls 135.320 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 27. september 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 21. október 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum bárust 25. sama mánaðar. Engar frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, aðaluppdráttur af fasteign sóknaraðila, staðfesting á skráningu byggingarstjóra, afrit af beiðni um öryggis- eða lokaúttekt, váttryggingarstaðfesting vegna starfsábyrgðar byggingarstjóra, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, tölvupóstsamskipti sóknaraðila við fyrirtækið [...], tölvupóstsamskipti sóknaraðila við fyrirtækið [...], tölvupóstsamskipti sóknaraðila við [...], reikningur [...] vegna gluggaframkvæmdir, reikningur varnaraðila vegna starfsábyrgðartryggingar, dags. 31. mars 2024, og staðfesting sóknaraðila á greiðslu hans, tölvupóstsamskipti sóknaraðila við [...], tímaskýrsla varnaraðila, skjáskot af fundarboði um lokaúttekt þann 4. júlí 2024, skjáskot af skilaboðum sóknaraðila til eiginkonu sinnar þann 4. júlí 2024, yfirlit úr símtalaskrá sóknaraðila þann 23. maí 2024, tölvupóstsamskipti sóknaraðila við [...] arkitekt, reikningur varnaraðila, dags. 16. ágúst 2024, reikningur varnaraðila vegna þjónustu hans, dags. 29. ágúst 2024, og staðfesting sóknaraðila á greiðslu hans og tölvupóstsamskipti sóknaraðila við söluaðila gæðakerfisins [...].

Með bréfi, dags. 27. maí 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að haustið 2023 óskaði sóknaraðili eftir því að varnaraðili tæki að sér byggingarstjórn í tengslum við byggingarleyfisskylda breytingu á risibúð sóknaraðila að [...]. Breytingin fól í sér ísetningu á einum þakglugga sem framkvæmt var af [...]. Sömdu aðilar um fasta greiðslu fyrir þjónustuna að fjárhæð 150.000 krónur auk þess sem sóknaraðili féllst á að greiða fyrir starfsábyrgðartryggingu varnaraðila. Greinir aðila einkum á um hvort einnig hafi verið samið um greiðslu tímagjalds ofan á hina föstu greiðslu. Þann 31. mars 2024 gaf

varnaraðili út reikning á hendur sóknaraðila vegna ábyrgðartryggingar byggingarstjóra, alls að fjárhæð 107.089 krónur, sem sóknaraðili greiddi sama dag. Lokaúttekt vegna framkvæmdanna fór fram 4. júlí 2024. Stuttu síðar gaf varnaraðili út reikning vegna þjónustu sinnar, alls að fjárhæð 391.840 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Áttu aðilar í skriflegum samskiptum í kjölfarið þar sem sóknaraðili mótmælti fjárhæð umrædds reiknings. Féllst varnaraðili á að lækka greiðslukröfu sína og gaf út nýjan reikning vegna þjónustunnar þann 29. ágúst 2024, alls að fjárhæð 314.960 krónur. Greiddi sóknaraðili reikninginn sama dag, með fyrirvara um réttmæti hans.

Sóknaraðili vísar til þess að ágreiningur aðila varði annars vegar kröfu varnaraðila um greiðslu umsýslugjalds vegna töku varnaraðila á ábyrgðartryggingu byggingarstjóra og hins vegar fjárhæð þóknunar varnaraðila fyrir vinnu hans, sem sóknaraðili telur hvorki í samræmi við upphaflegt samkomulag aðila né sé hún eðlileg og sanngjörn í ljósi vinnuframlags varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að aðilar hafi rætt þóknun varnaraðila þegar hann hafi fyrst mætt á verkstað þann 13. september 2023. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili upplýst sig um að hann myndi taka 150.000 krónur fyrir þjónustuna auk þess sem greiða þyrfti fyrir ábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Hafi sóknaraðili talið þessa þóknun í samræmi við almenna verðlagningu byggingarstjóra fyrir einföld verk af þessu tagi. Vísar sóknaraðili til eigin reynslu sem mannvirkjahönnuðar í þessu sambandi og upplýsinga frá öðrum fagaðilum á þessu sviði.

Sóknaraðili byggir á því að hlutverk varnaraðila í framkvæmdunum hafi verið formlegs eðlis en skylt sé að ráða byggingarstjóra fyrir útgáfu byggingarleyfis samkvæmt byggingarreglugerð. Sóknaraðili bendir á að hlutverk byggingarstjóra samkvæmt lögum og reglum geti verið margþætt þegar um stærri verk sé að ræða en í þessu tilfalli hafi verkefni varnaraðila aðeins verið það að koma á verkstað og taka út aðstæður sem og í tengslum við ísetningu gluggans, skrá sig sem byggingarstjóra á verkið og senda viðeigandi eyðublöð til yfirvalda og að sækja um og vera viðstaddur lokaúttekt. Kveðst sóknaraðili sjálfur hafa verið arkitekt og aðalhönnuður breytingarinnar, séð um að afla byggingarleyfis og fylgt verkinu eftir á verkstað gagnvart þeim sem að því komu.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi sent honum reikning vegna kaupa á ábyrgðartryggingunni þann 31. mars 2024, alls að fjárhæð 107.089 krónur. Hafi sóknaraðili greitt þann reikning í góðri trú þann sama dag. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili fullyrt að sóknaraðili gæti ekki sjálfur verið greiðandi að slíkri tryggingu þar sem hún væri skráð á varnaraðila. Hafi sóknaraðili síðar óskað eftir afriti af tryggingarskírteini frá varnaraðila en hann ekki orðið við því. Hafi sóknaraðili því haft samband við váttryggjanda og fengið afrit af umræddu skírteini sem og upplýsingar um fjárhæð iðgjalds sem hafi verið 87.089 krónur. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi aldrei upplýst hann um að krafist yrði umsýslugjalds vegna töku á tryggingunni auk þess sem það komi ekki fram í útgefnum reikningi varnaraðila, dags. 31. mars 2024. Sé þetta því óréttmæt, óeðlileg og falin álagning sem sé ekki í samræmi við samkomulag aðila. Þá telji sóknaraðili að þessi álagning endurspegli ekki kostnað við öflun tryggingarinnar enda nemi upphæðin 23% af iðgjaldi hennar. Telur sóknaraðili því að varnaraðili hafi ofrukkað sig um 20.000 krónur vegna kaupa á tryggingunni og krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér þá fjárhæð.

Sóknaraðili vísar til þess að í kjölfar lokaúttektar verksins í byrjun júlí 2024 hafi varnaraðili sent honum reikning vegna þjónustu sinnar. Hafi reikningurinn verið

sundurliðaður á þann hátt að krafist var greiðslu að fjárhæð 150.000 króna í svonefnt fast grunngjald en einnig krafist greiðslu fyrir tíu tíma með skýringunni: „*tímavinna við úttektir og frágang á gögnum*“, alls að fjárhæð 155.000 krónur. Þá hafi varnaraðili krafist greiðslu fyrir tvo tíma í akstur, alls að fjárhæð 11.000 krónur. Hafi samtala reikningsins numið 391.840 krónum að meðtöldum virðisaukaskatti. Sóknaraðili kveðst hafa gert athugasemdir við framangreinda kröfu fyrir tímavinnu ofan á grunngjaldið og óskað jafnframt eftir sundurliðaðri tímaskýrslu varnaraðila. Hafi varnaraðili ekki orðið við þeirri ósk sóknaraðila. Hafi sóknaraðili lagt til að hann myndi greiða fyrir þrjá tíma í vinnu auk grunngjaldsins en varnaraðili ekki fallist á þá málamiðlun. Hafi varnaraðili hins vegar lækkað reikning sinn sem numið hafi fjórum vinnustundum, úr tíu í sex vinnustundir. Hafi sá reikningur verið alls 314.960 krónur og greiddi sóknaraðili hann með fyrirvara um réttmæti hans. Telur sóknaraðili að samkvæmt upphaflegu samkomulagi aðila hafi reikningur varnaraðili átt að hljóða upp á 199.640 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts og aksturs. Mismunur á þóknun samkvæmt samkomulagi og svo umkrafinni þóknun sé því 115.320 krónur. Að mati sóknaraðila hafi engar breytingar átt sér stað á verkinu sem réttlæti þessa hækkun á endanlegri þóknun varnaraðila. Þá kveðst sóknaraðili hafa gert verðkönnun með fagaðilum í þessum geira og hafi sú könnun leitt í ljós að eðlileg þóknun fyrir alla þjónustuna væri á bilinu 100.000 til 150.000 krónur. Hafi einn fagaðili sagst myndi taka 100.000 krónur í fast gjald en annar aðeins rukka tímagjald að fjárhæð um 22.000 krónur.

Sóknaraðili vísar aukin heldur til þess að þjónustu varnaraðila hafi verið ábótavant enda hafi það tekið hann marga mánuði að ljúka vinnu sinni þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila þess efnis, líkt og framlagðir tölvupóstar sóknaraðila til varnaraðila styðji.

Varnaraðili vísar til þess að margvíslegar skyldur hvíli á byggingarstjórum og iðnmeisturum vegna byggingarframkvæmda samkvæmt 29.- 32. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Í því sambandi kveðst varnaraðili nefna að byggingarstjóra beri að annast samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði og iðnmeistara, fara yfir hönnunargögn vegna heildarskipulags og samræmingar á mismunandi verkþáttum. Byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem komi að framkvæmdum fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga um mannvirki. Komi í ljós ágalli á verki við úttekt eða síðar og ef rekja megi til stórfelldrar vanrækslu á verki einstakra iðnmeistara beri byggingarstjóri meðábyrgð gagnvart eiganda. Þá beri byggingarstjóra að hafa gæðastjórnunarkerfi þar sem skráð séu atriði varðandi framkvæmd og úttekt verksins. Að sögn varnaraðila sinnti hann öllum framangreindum skyldum sínum auk þess að bera jafnframt ábyrgð í samræmi við ákvæði laga nr. 160/2010.

Varnaraðili vísar til þess að hafa tekið að sér bæði byggingarstjórn og að vera skráður húsasmíðameistari vegna framkvæmda á fasteign sóknaraðila. Hafi hann upplýst sóknaraðila í upphafi að áætlaður kostnaður við þjónustuna væri fyrst og fremst fólgin í kostnaði við tryggingu byggingarstjóra og grunngjaldi að fjárhæð 150.000 krónur. Auk grunngjalds gæti komið til greiðsla fyrir akstur og unnar vinnustundir, umfram það sem áætlað hafi verið í grunngjaldi, en það myndi ráðast af umfangi og framgangi verksins. Kveðst varnaraðili mótmæla því að aðilar hafi samið um fast verð fyrir vinnu hans líkt og sóknaraðili haldi fram í kvörtun.

Varnaraðili byggir á því að umsýslugjald að fjárhæð 20.000 krónur sem hann hafi lagt ofan á beinan kostnað við kaup á ábyrgðartryggingu sé ekki óeðlilegt enda

fylgi nokkurt umstang töku tryggingar auk þeirrar ábyrgðar sem tryggingin hafi í för með sér. Þá vísar varnaraðili til þess að samkvæmt 8. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 skal ábyrgðartrygging byggingarstjóra gilda í a.m.k. fimm ár frá lokum framkvæmda.

Varnaraðili vísar til þess að umkrafið grunn gjald sé lágmarksgjald. Það taki til ákveðinna verkþátta, meðal annars samskipta við byggingaryfirvöld vegna skráningar byggingarstjóra og iðnmeistara, skráningar í gæðastjórnunarkerfi, lágmarksvinnustunda vegna eftirlits með framkvæmdinni auk úttekta sem séu um níu tímar. Fari vinnustundir fram yfir þær sem áætlaðar séu í grunn gjaldinu þurfi eðlilega að greiða fyrir þá vinnu. Að mati varnaraðila sé því um nokkurs konar verðáætlun að ræða. Vísar varnaraðili til ákvæða 28. og 29. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup í þessu sambandi. Varnaraðili ber því við að skráðar vinnustundir vegna þjónustunnar hafi verið samtals 19, sbr. framlögð tímaskýrsla. Hafi varnaraðili hins vegar fallist á að lækka þann reikning um 4 klukkustundir til að koma til móts við sóknaraðila. Telji varnaraðili að sóknaraðili eigi ekki rétt á frekari lækkun á greiðslukröfu sinni.

IV

Lagaumhverfi

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Í II. kafla þkpl. er fjallað um samninga um kaup á þjónustu o.fl. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að útseld þjónusta, sem veitt sé í atvinnuskyni, skuli vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti. Þá er seljanda skylt að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum. Fjallað er um leiðbeiningarskyldu seljanda í 6. gr. laganna. Í 7. gr. þeirra segir að seljandi geti þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt. Af 4. og 6. gr. laganna leiðir að seljandi hefur leiðbeiningarskyldu að gegna en markmið ákvæðanna er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld fyrir neytanda. Þá ber seljanda að tilkynna neytanda ef þjónustan verður mun dýrari en neytandinn hefur mátt gera ráð fyrir. Aðili, sem hefur atvinnu af því að selja þjónustu sína á grundvelli fagþekkingar, er betur fær um að gera sér grein fyrir kostnaði og tíma við verk en kaupandi þess.

Fjallað er um verð á þjónustu í VII. kafla þkpl. Í 28. gr. þkpl. kemur fram að hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skuli neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan var mikil og hvers eðlis hún er. Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef samið er um verk miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Verðið er háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort efnismagn og tímafjöldi sé hæfilegt ber að miðað við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Ákvæði 29. gr. laganna tekur til þeirra aðstæðna þegar seljandi þjónustu hefur látið neytanda í té verðáætlun en þá má verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun. Við mat á því hvort verð hafi farið verulega fram úr áætlun ber, samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þkpl., að líta til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur veitt neytanda um það hvort verðáætlun muni standast, tegund þjónustunnar og venju í þjónustugreininni. Ef seljandi hefur skýrt neytanda frá því að um lauslegt mat sé að ræða hefur það áhrif. Ef seljandi hefur látið í té verðáætlun sem er byggð á ákveðnum skilyrðum verða fyrirvarar hans einnig lagðir til grundvallar. Í 30. gr. þkpl. kemur fram að þrátt fyrir að seljandi þjónustu hafi gert tilboð eða verðáætlun beri honum viðbótargreiðsla hafi verð hækkað vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili óskaði eftir varnaraðili tæki að sér byggingarstjórn með framkvæmd á fasteign hans sem fólst í ísetningu á einum þakglugga. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 4. tölul. 1. gr. laganna. Aðilar deila um umkrafid endurgjald varnaraðila vegna þjónustunnar en varnaraðili krafði sóknaraðila greiðslu að fjárhæð 107.089 krónur fyrir ábyrgðartryggingu byggingarstjóra og alls 314.960 krónur fyrir þjónustu sína. Sóknaraðili byggir á því að aðilar hafi samið svo um að sóknaraðili myndi greiða varnaraðila 150.000 krónur auk virðisaukaskatts ásamt því að greiða fyrir ábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Telur sóknaraðili því að greiðslukrafa varnaraðila vegna þjónustunnar hafi verið hærrí en samið var um auk þess sem varnaraðili hafi krafist of hárrar fjárhæðar fyrir ábyrgðartryggingu. Varnaraðili ber því við að hann hafi upplýst sóknaraðila um að hann myndi auk greiðslu á tryggingu krefjast grunngjalds að fjárhæð 150.000 krónur að viðbættum virðisaukaskatti auk tímagjalds fyrir vinnustundir sem færu fram yfir þær níu sem innifaldar væru í grunngjaldinu. Krafðist varnaraðili í fyrsta kasti greiðslu fyrir auka tíu vinnustundir með reikningi 16. ágúst 2024. Í framhaldi af athugasemdum sóknaraðila og samskiptum aðila lækkaði varnaraðili tímafjöldann í sex vinnustundir og gaf út nýjan reikning 29. sama mánaðar. Þá telur varnaraðili sig eiga rétt á því að krefjast umsýslugjalds úr hendi sóknaraðila vegna töku á ábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Í málinu liggur fyrir að aðilar gerðu ekki með sér skriflegan samning um þjónustuna. Af framlagðri tímaskýrslu varnaraðila verður ráðið að alls 19 vinnustundir voru skráðar vegna vinnu hans. Í verklýsingu hennar þann 13. september 2023 kemur eftirfarandi fram: „Fór á staðinn og hitti Birgi og tók út gluggann, hitti aðila sem var að framkvæma verkið og setti út á frágang á rakavörn“. Skráðar vinnustundir þennan dag voru þrjár og hálf. Þann 14. mars 2024 voru skráðar tvær vinnustundir sem lýst var með eftirfarandi hætti: „[u]nnið við að ganga frá umsóknunum vegna byggingaleyfis og skráningu meistara“. Þann 15. mars 2024 skráði varnaraðila tvær vinnustundir sem eftirfarandi verklýsingu: : „Byggingarleyfið gefið út. Stofna verk í gæðakerfi sem er [...] og gögn sett inn í gæðakerfið“. Þann 5. júní 2024 skráði varnaraðili eina vinnustund við að undirbúa umsókn um lokaúttekt og senda hana inn. Þá skráði varnaraðili alls þrjár vinnustundir fyrir að hafa samband við [...] og byggingarfulltrúa vegna lokaúttektar á tímabilinu 29. maí til 7. október 2024 og eina vinnustund alls vegna samskipta hans við sóknaraðila, dagana 21. febrúar og 23. maí 2024. Þá voru skráðar alls fjórar vinnustundir varnaraðila við að mæta í

lokaúttekt verksins þann 4. júlí 2024. Degi síðar eru skráðar tvær vinnustundir við að ganga frá gögnum. Loks var skráð hálf vinnustund 10. ágúst 2024 vegna samskipta við tiltekna bókhaldsstofu. Varnaraðili krefst auk þess greiðslu fyrir tvo tíma í akstur, einn tíma þann 13. september 2023 og annan þann 4. júlí 2024.

Í athugasemdum sínum 25. október 2024 vísar sóknaraðili til þess að hann hafi fyrst séð tímaskýrslu varnaraðila þegar hún var lögð fram sem fylgigagn með athugasemdum varnaraðila til kærunefndar 10. sama mánaðar. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi auk þess aldrei upplýst sóknaraðila um að verkið hafi tekið alls 19 vinnustundir. Þá hafi sú skýring varnaraðila, að í grunngjaldinu væru innifaldar níu vinnustundir, ekki legið fyrir fyrr en með andsvörum hans. Að mati sóknaraðila hafi varnaraðili átt að veita sóknaraðila þessar upplýsingar þegar hann óskaði eftir þeim í ágúst 2024. Eina skýringin sem sóknaraðili hafi fengið hafi komið fram í tölvupósti varnaraðila þann 22. þess mánaðar og verið eftirfarandi: „...Síðan tek ég fast grunngjald fyrir öll verk sem ég tek að mér sem byggingarstjóri sem er frá 150.000, - 500.000, eftir umfangi verka. Þú segir að tímarnir séu of margir þá er það svo að þeir telja líka að þurfa að koma sér á staðinn, viðvera á staðnum og líka að fara þaðan burt...“ Sóknaraðili vísar í þessu sambandi til þess að engar flækjur hafi orðið á verkinu sem orsakað gætu tvöföldun á vinnustundum miðað við upphaflega áætlun, ef grunngjaldið hafi sannanlega falið í sér níu vinnustundir.

Sóknaraðili gerir ýmsar athugasemdir við tímaskýrslu varnaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að skráður tímafjöldi dags. 13. september 2023 standist ekki. Leggi sóknaraðili fram því til stuðnings tölvupóst framkvæmdaraðilans [...] sem staðfesti að viðvera varnaraðila á verkstað þennan dag hafi verið um 20-30 mínútur en ekki þrjár og hálf vinnustund. Þá gerir sóknaraðili athugasemdir við skráningu varnaraðila þann 15. mars 2024 á tveimur vinnustundum við að stofna verkið í gæðakerfinu [...] og við að hlaða þar upp gögnum, sem og að gefa út byggingarleyfi. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til framlagðs tölvupóstar frá starfsmanni [...] þess efnis að það taki stutta stund að framkvæma þessa vinnu eða um 10-20 mínútur. Bendir sóknaraðili auk þess á að á þessum tímamarki hafi aðeins nokkur gögn verið fyrirbyggjandi vegna verksins, þ.e. tvær teikningar, afrit af skráningu byggingarstjóra og iðnmeistara og tryggingarskírteini. Umsókn um úttekt hafi bæst við síðar. Sóknaraðili, sem löggiltur mannvirkjahönnuður, kveðst nota sambærilegt gæðakerfi í starfi sínu og þekki þetta því vel. Telji sóknaraðili því að eðlilegur tímafjöldi vegna þessa verkþáttar sé hálf vinnustund. Þá telur sóknaraðili óeðlilegt og ósanngjarnt að skrá hálfu vinnustund vegna einnar mínútu samtals aðila þann 23. maí 2024 líkt og framlögð símtalaskrá beri með sér. Í ljósi þessarar skráningar varnaraðila kveðst sóknaraðili setja fyrirvara um að varnaraðili hafi samanlagt verið í samskiptum við [...] og byggingarfulltrúa í tvær vinnustundir vegna lokaúttektar enda hafi verið búið að sækja um úttekt á þessum tímamarki og engar flækjur verið á verkinu. Telji sóknaraðili að eðlilegt væri að skrifa hálfu til eina vinnustund á framangreind samskipti. Þá gerir sóknaraðili athugasemd við skráningu varnaraðila á fjórum tímum við lokaúttekt þann 4. júlí 2024. Úttektin hafi farið fram kl. 13.30 í fasteign sóknaraðila, sbr. framlagt fundarboð um úttektina. Að sögn sóknaraðila hafi hann sjálfur, úttektarfulltrúi byggingarfulltrúa og varnaraðili, sem hafi mætt á staðinn um kl. 13.20, verið viðstaddir lokaúttektina. Hafi verið um sjónskoðun á glugganum að ræða. Hafi úttektin tekið nokkrar mínútur og ekki gerðar neinar athugasemdir við framkvæmdina sjálfa en bent hafi verið á að þinglýsa þyrfti eignaskiptasamningi til að fá vottorð útgefið. Af framlögðu skjáskoti af smáskilaboðum sóknaraðila til

eiginkonu sinnar kl. 13.39 þennan dag megi ráða að samþykki byggingarfulltrúa hafi fengist. Viðvera varnaraðila við úttektina hafi því verið um hálf vinnustund auk aksturs, samtals ein vinnustund. Þá telur sóknaraðili að skráðar tvær vinnustundir varnaraðila þann 5. júlí 2024 standist ekki enda hafi varnaraðili aðeins þurft að senda skoðunarskýrslu sína vegna lokaúttektarinnar þennan dag. Önnur gögn hafi þá þegar verið lögð fram. Loks hafnar sóknaraðili því að þeir verkþættir sem skráðir séu í tímaskýrslu eftir útgáfu reiknings, alls ein og hálf vinnustund komi máli þessu við enda framkvæmd að eigin frumkvæði varnaraðila.

Í málinu byggir sóknaraðili auk þess á því að hafa leitað til annarra fagaðila eftir að reikningur varnaraðila barst honum og óskað eftir tilboðum þeirra í þjónustu byggingarstjóra fyrir sama verk og varnaraðili tók að sér. Hefur sóknaraðili lagt fram tölvupósta viðkomandi fyrir nefndina. Í svari starfsmanns [...] kemur fram að ábyrgðartrygging byggingarstjóra sé um 100.000 krónur auk þess sem teknar séu 100.000 krónur fyrir skráningar og umsjón með verki. Í tölvupósti starfsmanns [...] kemur fram að rukkað sé fyrir byggingarstjórn í tímavinnu, alls 21.490 krónur m/vsk á vinnustund. Telur viðkomandi að erfitt sé að setja nákvæman tímafjölda á verkið en kveður að sennilegt sé að ekki fari margir tíma í verkið enda sé það aðallega formlegs eðlis. Þá kemur eftirfarandi fram í svari [...] arkitekts til sóknaraðila að: „[m]iðað við byggingarstjórn á svo smáu verki teldi ég óeðlilegt að vinnuframlag færi fram yfir 8 klukkustundir miðað við þrjár heimsóknir á ólíkum stigum framkvæmdarinnar. Sé akstur innifalinn í tímagjaldi væri 25.000 kr/klst viðunandi þóknun. Tryggingar byggingarstjóra væri innheimt sérstaklega“. Í ljósi þessa telur sóknaraðili að sannanlega unnar vinnustundir varnaraðila og verkþættir rúmast vel innan grunngjalds líkt og það sé skilgreint í andsvörum varnaraðila.

Sönnunarbyrði fyrir því að umkrafið endurgjald varnaraðila hafi verið ósanngjarnt hvílir á sóknaraðila. Með hliðsjón af öllu framansögðu, er það mat kærunefndarinnar að sóknaraðili hafi bæði fært fram sannfærandi rök sem og lagt fram fjölda gagna, sem stafa meðal annars frá sérfræðingum, sem renna stöðum undir það að tímaskýrsla varnaraðila geti ekki staðist og að krafa varnaraðila sé ósanngjörn miðað við eðli og umfang verksins. Þá verður að líta til þess að varnaraðili hefur hvorki andmælt sjónarmiðum sóknaraðila við tímaskýrslunni, sem fram komu í athugasemdum sóknaraðila 25. október 2024, né hnekkt framlögðum gögnum þeim til stuðnings. Verður því lagt til grundvallar að bæði vinna varnaraðila og akstur hafi rúmast innan 150.000 króna grunngjaldsins og ber varnaraðili því að endurgreiða sóknaraðila sem nemur sex vinnustundum eða alls 115.320 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sóknaraðili byggir jafnframt á því að varnaraðili hafi ofkrafið hann um 20.000 krónur vegna töku ábyrgðartryggingar byggingarstjóra og krefst endurgreiðslu á þeirri fjárhæð. Í málinu liggur fyrir reikningur varnaraðila til sóknaraðila, dags. 31. mars 2024. Í honum er tiltekið vörueitið „Byggingastjóratrygging“ að fjárhæð 107.089 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Greiddi sóknaraðili umræddan reikning samdægurs. Aflaði sóknaraðili síðar upplýsinga frá váttryggjanda um að iðgjald þessarar tryggingar væri í raun að fjárhæð 87.089 krónur. Varnaraðili ber því við að fjárhæðin, sem hafi verið rukkuð umfram iðgjaldið, 20.000 krónur, hafi verið umsýslugjald hans vegna töku tryggingarinnar.

Í 1. mgr. 34. gr. þkpl. kemur fram að hafi ekki verið samið um verð getur neytandi krafist þess að seljandi geri honum sundurliðaðan reikning fyrir hinni seldu þjónustu þannig að hann geti séð með hvaða hætti heildarverð þjónustunnar er

reiknað út. Þá kemur fram í 1. mgr. 4. gr. laganna að seljanda þjónustu sé skylt að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.

Að mati kæruneftdarinnar ber umræddur reikningur varnaraðila ekki með sér að í greiðslukröfunni felist innheima á sérstöku umsýslugjaldi vegna töku tryggingarinnar. Þá liggja engin gögn fyrir sem sýna fram á að varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila um að til stæði að krefja hann um þetta umsýslugjald. Jafnvel þó í sjálfu sér sé unnt að fallast á með varnaraðila að ekki sé óeðlilegt að innheimt sé þóknun fyrir umstang sem fylgi töku tryggingar telur kæruneftndin óeðlilegt að sú þóknun sé um 23% af iðgjaldi hennar og að varnaraðili hafi ekki upplýst sóknaraðila um þá þóknun, hvorki fyrirfram né við reikningsgerð. Telur kæruneftndin að varnaraðili verði að bera hallann af framangreindu og endurgreiða sóknaraðila hið svokallaða umsýslugjald.

VI Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, skal greiða sóknaraðila, X, alls 135.320 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson